



Á fundi 13. desember 2018 samþykkti sveitarstjórn Dalabyggðar að taka upp frístundastyrki fyrir börn á aldrinum 3 til 18 ára. Framlagið er kr. 20.000 á ári.

Greitt er tvisvar á ári, allt að kr. 10.000 eru greiddar fyrir vorönn og allt að kr. 10.000 fyrir haustönn. Ef styrkurinn hefur ekki verið nýttur á vorönn nýtast kr. 20.000 á haustönninni. Styrkurinn nýtist ekki á milli ára. Til að fá styrkinn greiddan þarf að skila greiðslukvittun til skrifstofu Dalabyggðar eigi síðar en 15. maí fyrir vorönn og 15. desember fyrir haustönn.

Markmiðin með styrknum er að:

- 1) hvetja börn og ungmenni á aldrinum 3-18 ára til frístundaiðkunar
- 2) ýta undir aukna hreyfingu og félagsþátttöku
- 3) styrkja félagslegt umhverfi, auka jöfnuð og hafa jákvæð áhrif á þroska barna og unglinga
- 4) auka fjölbreytileika íþróttar-, lista- og tólmundastarfs.

Skilyrði fyrir styrk er að styrkþegi eigi lögheimili í Dalabyggð og að hann sé nýttur til frístundaiðkunar í Dalabyggð. Hægt er að nýta styrkinn í skipulagt frístundastarf sem stundað er undir leiðsögn þjálfara eða leiðbeinanda. Þetta á t.d. við um allt íþróttastarf sem stundað er á vegum viðurkenndra íþróttafélaga, dans í dansskólum, skátastarf og annað reglubundið frístundastarf. Einnig má nýta hann fyrir

- 1) íþróttar- og tólmundanámskeið barna í leikskóla, 1. og 2. bekk. (íþróttaskóla)
- 2) nám í tónlistarskóla sem er samfellt í amk 8 vikur
- 3) árskort eða 3 mánaðakort í líkamsræktarstöðvar eða sund.

Framhaldsskólanemar sem stunda nám utan heimabyggðar fá undanþágu til að nýta styrkinn hvar sem er. Leikskólabörn geta nýtt styrkinn hvar sem er ef ekki er framboð af námskeiðum (íþróttaskóli) í heimabyggð.

Frístundastyrkurinn gildir ekki sem greiðsla fyrir aðbúnað, ferðalög eða annan tilfallandi kostnað vegna keppni eða þjálfunar.